

Nr. 147 / 13 Markús ÍS 777***Sekkur í drætti***

Skipaskr.nr. 0616
Smíðaður: Þýskalandi 1960, eik
Stærð: 68,4brl. 73 bt.
Mesta lengd: 23,86 m Skráð lengd: 21,78 m
Breidd: 5,41 m Dýpt: 2,8 m
Vél: Vélarlaus
Fjöldi skipverja:



Markús ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. september 2013 var Markús ÍS 777 í drætti aftan í Kristbjörgu ÍS 177 undan Sauðanesi. Veður: NV 8 m/sek.

Kristbjörg ÍS var á leiðinni með Markús frá Flateyri til Ísafjarðar þar sem átti að rífa bátinn. Báturinn sökk á stað 66°06'52N og 23°40'17V.

(Markús ÍS sökk við bryggju á Flateyri þann 3. ágúst 2013 eftir að hafa legið þar síðan í mars 2012)



Kristbjörg ÍS ©Hilmar Snorrason

Við rannsókn kom fram:

- að ekki var tilkynnt til lögreglu eða Landhelgisgæslu um atvikið en RNSA var upplýst um það viku síðar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.